

Barnvæn sveitarfélög

Stuðningur UNICEF og mennta- og barnamálaráðuneytisins

Starfsfólk UNICEF og mennta- og barnamálaráðuneytisins veita umsjónarmanni og stýrihópi verkefnisins hjá Sveitarfélaginu Múlaþingi, kjörnum fulltrúum og starfsmönnum ítarlega ráðgjöf og fræðslu, líkt og útlistað er hér að neðan. Fræðslan fer meðal annars fram í gegnum rafrænán fræðsluvettvang UNICEF, UNICEF-Akademíuna, á vinnustofum og einnig með erindum sem skipulögð eru í samráði við umsjónarmann eða stýrihóp verkefnisins. Auk aðgangs að rafræna fræðsluvettvanginum stendur sveitarfélaginu jafnframt til boða gögn og fræðsluefni sem starfsfólk þess getur nýtt sér við innleiðinguna: Ítarleg handbók fyrir verkefnið, leiðbeinandi spurningalistar og spurningakannanir, fræðsluefni fyrir skóla og sniðmát vegna skýrslugerða. Eru öll þessi gögn sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Við undirritun rukkar UNICEF 500.000 kr skráningargjald, en ekki verður innheimtur frekari kostnaður vegna verkefnisins á samningstímanum vegna fræðslu og ráðgjafar við innleiðingu verkefnisins, sem tilgreind er í eftirfarandi liðum.

1. Skref – Staðfesting þátttöku

- Kynningarfundur haldinn með kjörnum fulltrúum, sviðsstjórum og forstöðumönnum stofnana áður en formleg ákvörðun um þátttöku er tekin í bæjarstjórn.
- Sveitarfélaginu útvegað kynningar- og fræðsluefni til að kynna verkefnið frekar innan stjórnkerfisins.
- Rafræn námskeið um Barnasáttmálann og innleiðingu verkefnisins lögð fyrir stýrihóp, kjörna fulltrúa, sviðsstjóra og umsjónarmann verkefnisins.
- Ráðgjöf veitt stýrihópi verkefnisins og starfsmanni þess.
- Viðburður skipulagður ásamt sveitarfélaginu þar sem formleg yfirlýsing er undirrituð um vilja sveitarfélagsins til að gerast Barnvænt sveitarfélag.

Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanns UNICEF á Íslandi (6 klst)

2. Skref – Kortlagning og samtal

- Ráðgjöf við fyrirlögn á spurningakönnunum fyrir börn og fullorðna í sveitarfélaginu.
- Aðgangur að rafrænum spurningakönnunum.
- Ráðgjöf við úrvinnslu á spurningakönnunum.
- Ráðgjöf og undirbúningur við skipulagningu ungmennáþings.
- Ráðgjöf til stýrihóps varðandi úrlausnir á leiðbeinandi spurningalistum sem hópurinn fyllir út.

(A) BZ
28

- Ráðgjöf við val á samráðshópum sem skoða sérstök málefni út frá kortlagningunni (sérfræðihópar barna, fagfólks og foreldra).
- Ráðgjöf vegna samráðs við börn sem tilheyra viðkvæmum hópum (siðferðisleg álitamál og framkvæmd).
- Ráðgjöf vegna samstarfs við ungmennaráð.

Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanns UNICEF á Íslandi (20 klst)

3. Skref – Fræðsla

- UNICEF heldur vinnustofu fyrir ungmennaráð sveitarfélaganna sem taka þátt í verkefninu..
- UNICEF heldur vinnustofu fyrir umsjónarmenn verkefnisins.
- UNICEF heldur utan um sérstakan fræðslu- og samstarfsvettvang fyrir umsjónarmenn verkefnisins. Fundað er mánaðarlega þar sem fræðsluerindi fara fram auk þess sem umsjónarmenn deila ráðum og vangaveltum sína á milli og starfsmenn UNICEF svara spurningum. UNICEF-Akademían, rafrænn fræðsluvettvangur. UNICEF framleiðir og veitir aðgang að fræðsluefni og verkefnum og ráðleggur umsjónarmanni hvaða fræðsluefni hentar hverju sviði/hverjum hópi innan sveitarfélagsins.

4. Skref – Aðgerðaáætlun

- Ráðgjöf við gerð aðgerðaáætlunar.

Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanns UNICEF á Íslandi (16 klst)

5. Skref – Framkvæmd

- Miðað er við að einn starfsmaður frá hverju sviði og stofnun gerist sérstakur tengiliður við verkefnið. UNICEF býður þessum starfsmönnum upp á fræðslu um verkefnið og Barnasáttmálann þannig að þeir geti í kjölfarið frætt samstarfsmenn sína og stuðlað að verkefnum innanhúss hjá sér sem eru í anda Barnasáttmálans. Áhersla er lögð á að ná til stofnana og sviða innan stjórnkerfisins sem vinna dags daglega með börnum og ungmönnum en einnig sviða sem hafa ekki augljósa tengingu við börn, t.d. fjármálasvið, skipulags og umhverfissvið og eignausýsla.
- Ráðgjöf við ýmsa þætti sem upp kunna að koma upp við framkvæmdina (miðað við 15 klst).

Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanns UNICEF á Íslandi (15 klst)

6. Skref – Skýrsla

- Yfirferð á skýrslu stýrihópsins um framgang innleiðingarinnar.
- Fundur með stýrihópnum þar sem farið er vandlega yfir skýrsluna.

Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanna UNICEF á Íslandi (18 klst)

7. Skref – Mat og viðurkenning

- Mat á framkvæmd verkefnisins, út frá skýrslu stýrihópsins. (tveir starfsmenn sinna matinu.)
- Úttektarviðtöl við bæjarstjóra, verkefnastjóra, meðlimi stýrihóps, meðlimi ungmennaráðs, fulltrúa sviða sveitarfélagsins, fulltrúa framkvæmdaraðila aðgerða. (tveir fulltrúar UNICEF sitja hvert viðtal)
- Viðburður í tengslum við viðurkenningu, í samstarfi við sveitarfélagið.

Ráðgjöf og önnur vinna starfsmanna UNICEF á Íslandi (30 klst)

8. Skref – Endurmat og ný markmið

- Að þremur árum liðnum getur sveitarfélagið sótt um nýtt mat til að viðhalda viðurkenningunni sem Barnvænt sveitarfélag.
- Þegar sótt er um endurmat greiðir sveitarfélag kostnað við endurmat til UNICEF á Íslandi.

Ráðgjöf og fræðsla umfram þessa kostnaðaráætlun er samkvæmt verðskrá og samtali við starfsfólk verkefnisins, og skulu hafa hlotið samþykki beggja aðila með formlegum eða rekjanlegum hætti.

UNICEF á Íslandi, kt. 481203-2950, Laugavegi 77, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt *UNICEF*; *mennta- og barnamálaráðuneyti*, kt. 460269-2969, Sölvhólsögötu 4; Sveitarfélagið Múlaþing, kt. 660220-1350, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, hér eftir nefnt Múlaþing, hafa gert með sér eftirfarandi

samkomulag

Mennta- og barnamálaráðuneyti, UNICEF og Múlaþing lýsa því yfir og eru sammála um að þau muni ganga til samstarfs um framkvæmd verkefnisins *Barnvæn sveitarfélög*. Verkefnið felst í því að Múlaþing, innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði *Barnvænna sveitarfélaga* sem UNICEF hefur þróað. Framkvæmd verkefnisins er í höndum Múlaþings, með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis og UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar.

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans séu leiðarstef í starfsemi þess. Við innleiðinguna rýna starfsmenn og kjörnir fulltrúar ákvarðanatökufærli sveitafélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum, gera aðgerðaráætlun, koma í framkvæmd viðeigandi breytingum. Sáttmálinn er er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.

Þegar Múlaþing, hefur lokið við innleiðingafærli verkefnisins og öll skilyrði hafa verið uppfyllt getur sveitarfélagið hlotið viðurkenningu frá UNICEF fyrir að vera *Barnvænt sveitarfélag*. Innleiðingarferlið tekur að lágmarki tvö ár. Skilyrðin eru þau að sveitarfélagið hafi uppfyllt aðgerðaáætlun, það hafi náð ákveðnum stigafjölda við úttekt ferlisins í heild og að starfshópur sem stendur að verkefninu meti að innleiðing verkefnisins hafi verið réttindum barna til framdráttar. Viðurkenninguna þarf að endurnýja á þriggja ára fresti og er í höndum UNICEF á Íslandi. Við endurmat þarf sveitarfélagið að sýna fram að innleiðingarvinnan hafi haldið áfram og að sveitarfélagið hafi uppfært aðgerðaáætlun sína fyrir innleiðingu Barnasáttmálans samkvæmt hugmyndafræði *Barnvænna sveitarfélaga*.

UNICEF á lögverndaðan einkarétt á vörumerkinu Child Friendly Cities Initiative, en verkefnið *Barnvæn sveitarfélög* er hluti af því vörumerki. Með samkomulagi þessu felst að Múlaþing hefur tækifæri til þess að öðlast alþjóðlega viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag, en þá viðurkenningu er ekki hægt að fá með öðrum hætti en í samstarfi við UNICEF vegna lögverndaðs vörumerkjarettar.


Greiðslur vegna fræðslu og ráðgjafar í tengslum við verkefnið eru greiddar af mennta- og barnamálaráðuneyti gegnum samstarfssamning milli ráðuneytisins og UNICEF. Múlaþing greiðir UNICEF hins vegar 500.000 kr skráningargjald við upphaf þessa samningstíma. Í viðauka við þennan samning er skilgreint hvað felst í fræðslu og ráðgjöf UNICEF við Múlaþing á samningstímanum.

SAE
TSZ AB

Aðilar samkomulagsins lýsa með undirritun sinni yfir vilja sínum og ætlun um að viðhafa gott og náð samstarf með réttindi og velferð barna í Múlaþingi, að leiðarljósi. Ef upp kemur ágreiningur vegna samkomulags þessa skulu báðir aðilar reyna að leysa hann í sátt. Kjósi aðilar að fara með deiluna fyrir dómstóla skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá áskilur UNICEF sér rétt til þess að draga viðurkenninguna til baka ef starfshópur verkefnisins metur sem svo að sveitarfélagið hafi vísitandi unnið gegn hugmyndafræði verkefnisins og virt réttindi barna að vettugi.

Reykjavík, 11. mars


f.h. Múlaþings


Björn Ingimarsson

f.h. UNICEF á Íslandi


Birna Þórarinsdóttir

f.h. mennta- og barnamálaráðuneytis


Ásmundur Einar Daðason

Vottar (nafn og kennitala):
